

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogi

2. febrúar 2026
UOS2501524/M.S.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 8. janúar 2026, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Málningu hf. þann 17. nóvember 2025. Þann 30. janúar 2026 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. **1. tl. 5 gr. nr. 796/1999.** Mengun vatns er óheimil. Losun efna og úrgangs í vatn, þ.m.t. efni á listum I, II og III og IV í viðauka með reglugerðinni, er óheimil nema í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, viðaukum með henni og starfsleyfa. Samkvæmt niðurstöðum greiningar á fráveituvatni frá rekstraraðila greinast efni sem eru á listum í viðaukum reglugerðarinnar sem er óheimilt að losa. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila sem barst Umhverfis- og orkustofnun þann 30. janúar 2026 er áætlun um að sækja um breytingu á starfsleyfinu þar sem óskað er eftir undanþágu um losun efna í fráveituna innan ársins 2026.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

Teymi eftirlits

Ágúst Már Sigurðsson

lögfræðingur